



# ORKUVEITA HÚSAVÍKUR

Office: Ketilsbraut 7 • 640 Húsavík • Iceland  
Tel: (+354) 464 6130 • Fax: (+354) 464 6131

Alþingi

Erindi nr. P 130/593

komudagur 11. 12. 2003

Nefndarsvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

## Umsögn Orkuveitu Húsavíkur um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 78/2002, 305 mál.

### Almennt um frumvarpið.

Orkuveita Húsavíkur þakkar fyrir að fá frumvarp þetta til umsagnar. OH fagnar því að styrkur til hitaveitu geti, samkvæmt 1. gr. frumvarpsins, numið allt að átta ára áætluðum niðurgreiðslum á rafmagni eða olíu til húshitunar. OH telur þetta góðan áfanga á þeirri leið að gera sem flestum kleyft að kynda hús sín með hitaveitu, en telur þó að tíu ára áætluð niðurgreiðsla sé árangursríkari. Lengri tími en átta ár er líklegri til að stuðla að því að stór byggðarlög sem nú annaðhvort notast við beina rafhitun eða rafhitaða hitaveitu muni sjá sér hag að því að hefja leit að jarðhita.

OH telur að til bóta sé að samkvæmt annarri gr. frumvarpsins er ráðherra heimilað að veita hluta niðurgreiðslufjár til jarðhitaleitarátaks á köldum svæðum. Hér gildir það sama og áður er fram komið að hærri fjárveiting t.d. 10% er líklegri til að stuðla að því að stór byggðarlög sem nú annaðhvort notast við beina rafhitun eða rafhitaða hitaveitu muni sjá sér hag að því að hefja leit að jarðhita.

### Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Í 1. gr. komi tíu ár í stað átta.

Í 2. gr. komi 10% í stað 5%.

Virðingarfyllst

Húsavík 9 desember 2003

Fh. Orkuveitu Húsavíkur

*Hreinn Hjartarson*

Hreinn Hjartarson